

UMSÖGN LANDVERNDAR um mál nr. S-19/2018

Reykjavík, 5. mars 2018

Á samráðsgátt fyrir opið samráð stjórnvalda við almenning, www.samradsgatt.island.is, birtust 23. febrúar 2018 drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 106/2000 um umhverfismat tiltekinna framkvæmda. Stendur samráð til loka yfirstandandi vinnuviku.

Frumvarpsdrögin eru samin að tilhlutan umhverfis- og auðlindaráðuneytis og miða einkum að því að innleiða reglur sem settar voru 2014 og gilda á öllu EES svæðinu. Um er að ræða reglur um umhverfismat tiltekinna framkvæmda skv. Evróputilskipun 2011/92/ESB, sem breytt var með tilskipun sem hefur númerið 2014/52/ESB. Frestur til innleiðingar þessarra reglna á EES svæðinu rann út 17. maí 2017 og má ætla að eftirlitsstofnun EFTA hafi hafið eftirrekstur gagnvart íslenska ríkinu um innleiðingu tilskipunarinnar.

Landvernd mun ekki setja fram efnislegar athugasemdir við frumvarpsdrögin á þessu stigi máls. Að baki þeirri afstöðu liggja einkum þessar ástæður og fyrirvarar af hálfu samtakanna:

1. *Tímalína undirbúnings.* Tilskipun 2014/52/ESB, sem breytti tilskipun 2011/92/ESB, er ætlað að bæta framkvæmd umhverfismats framkvæmda er umtalsverð áhrif hafa á umhverfið. Frumvarpsdrög starfshóps umhverfis- og auðlindaráðuneytisins fela í sér breytingar á ýmsum ákvæðum laga nr. 106/2000 um umhverfismat tiltekinn framkvæmda, án þess þó að um heildarendurskoðun laganna sé að ræða. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur haft nærri fjögur ár, eða frá setningu tilskipunar 2014/52/ESB hinn 16. apríl 2014, til þess að undirbúa innleiðingu hennar hérlendis í samræmi við EES samninginn. Starfshópur sem falið var að vinna að undirbúningi innleiðingar var ekki skipaður af umhverfis- og auðlindaráðherra fyrr en í apríl 2016. Starfshópurinn starfaði ekki á tímabilinu mars 2017 til febrúar 2018. Verður þannig ekki séð að á tveggja ára tímabili annars vegar, frá apríl 2014 til apríl 2016, og síðar um eins árs skeið, frá mars 2017 til febrúar 2018, hafi verið unnið að innleiðingu tilskipunarinnar. Fram kemur að starfshópurinn var kallaður saman í síðasta mánuði og að hann hafi þá lokið við frumvarpsdrögin. Frumvarpið er á þingmálista núverandi ríkisstjórnar og er sagt muni verða lagt fram í þessum mánuði. Samtökin átelja þau vinnubrögð sem hér er lýst, í mikilvægu máli sem varðar vernd umhverfisins, en meginmarkmið tilskipunar 2011/92/ESB er einmitt slík vernd.

Hvetja samtökin forsætisráðuneytið, utanríkisráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið hér með til að breyta því sem breyta þarf, til þess að slíkt verklag við undirbúning innleiðingar Evrópureglna sem vernda eiga umhverfið viðgangist ekki í ráðuneyti umhverfis- og auðlindamála frekar en í öðrum fagráðuneytum. Vísa samtökin til skuldbindinga Íslands skv. 3. kafla EES samningsins að því er varðar umhverfismál, sbr. lög nr. 2/1993, sbr. einnig f-lið 1. gr. samningsins og aðfararorð hans um það að varðveita, vernda og bæta umhverfið og sjá til þess að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi.

2. *Lengd samráðstíma.* Tvær vikur til umsagnar um breytingar líkt og þessar, er að mati samtakanna Landverndar í ósamræmi við ákvæði Árósasamnings um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings og réttláta málsmeðferð í umhverfismálum. Útilokað er fyrir samtökin, frekar en aðra aðila, að bregðast með málefnalegum og vönduðum hætti við efni frumvarpsdraganna innan þess skamma tíma. Í þessu máli, líkt og öðrum sambærilegum, telja samtökin að samráð sem standi undir nafni yrði að ná yfir tímabil sem væri a.m.k. tveir mánuðir. Það mat samtakanna er óháð þeirri staðreynd að þáverandi framkvæmdastjóri Landverndar átti á sínum tíma sæti í starfshópi til undirbúnings innleiðingunni. Benda samtökin til samanburðar á málsmeðferð Norðmanna við innleiðingu sömu Evróputilskipunar. Kynntu norsk stjórnvöld drög að reglum til innleiðingar á tilskipun 2014/52/ESB hinn 29. september 2016, og veittu stofnunum, samtökum og almenningi frest til 2. desember 2016 til þess að veita umsagnir sínar um tillögur stjórnvalda. Umsagnarfrestur var því rúmar níu vikur í sambærilegu máli og hér um ræðir. Reglurnar voru svo settar í Noregi 21. júní 2017 og tóku gildi 1. júlí sama ár.

Hvetja samtökin forsætisráðuneytið, utanríkisráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið hér með til að breyta verklagi við undirbúning löggjafar sem varðar umhverfið, hvort sem er í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eða öðrum fagráðuneytum, á þann hátt að almenningi og fulltrúum hans verði ávallt veittur raunhæfur möguleiki á þátttöku í undirbúningi slíkrar löggjafar tímanlega og með hæfilegum og sanngjörnum fresti til umsagnar, og að tekið sé tillit til athugasemda hans í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar. Vísa samtökin til aðfararorða og 8. gr. Árósasamningsins í þessu sambandi, sbr. einnig 1. mgr. 3. gr. hans, sem og til loforða núverandi ríkisstjórnar á pólitískum vettvangi sbr. orð stjórnarsáttmála hennar í þá veru að koma ákvæðum Árósasamningsins að fullu til framkvæmda, en hann var fullgiltur 2011.

3. *Síðari aðkoma.* Landvernd mun óska eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, þegar þingið hefur afgreitt væntanlegt frumvarp til nefndarinnar og mun koma efnislegum athugasemdum sínum á framfæri á þeim vettvangi.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Landverndar

Salome Hallfreðsdóttir,
starfandi framkvæmdastjóri Landverndar

Sent til:
Umhverfis- og auðlindaráðuneytis,
forsætisráðuneytis og
utanríkisráðuneytis.